



FUNDUR Í SKIPULAGS-, UMHVERFIS OG UMFERÐARNEFND BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 9. júlí 2014 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, fundarsal á Blönduósi.

Dagskrá:

1. Kosningar.
 - a. Kosning formanns
 - b. Kosning varaformanns
2. Verkefni skipulags- umhverfis- og umferðarnefndar
3. Skipulagsmál á Blönduósi
 - a. Endurskoðun Aðalskipulags Blönduós 2010 – 2030
 - b. Deiliskipulag
 - i. Gamli bærinn
 - ii. Iðnaðarsvæði
 - iii. Tjaldsvæði
 - iv. Önnur svæði
4. Ræktuð lönd.
 - a. Erindi Finnboga og Jóns Guðmundssona, ræktað land nr 86
 - b. Önnur ræktuð lönd
5. Erindi frá Sveini M. Sveinssyni, Gamla kirkjan – Umsókn um byggingarleyfi og breytta notkun.
6. Umferðarmál.
7. Þjónustuskilti.
 - a. Umsókn um skilti við Þjóðveg 1 fyrir Íþróttamiðstöðina.
 - b. Umsókn um fuglaskoðunarskilti á 4 stöðum.
8. Umhverfisverðlaun Blönduós bæjar 2014.
9. Önnur mál.

Afgreiðslur:

Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar setti 1. fund nefndarinnar á kjörtímabilinu og bauð fundarmenn velkomna og stýrði fundi. Í upphafi fundar var farið yfir boðun funda og að fundarboð verði framvegis sent rafrænt til fundarmanna með minnst 2 sólarhringa fyrirvara.

- 1) Kosningar.
 - a. Fram kom tillaga um Valgarð Hilmarsson sem formann nefndarinnar. Tillagan var samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.
 - b. Fram kom tillaga um Brynju Birgisdóttir sem varaformann nefndarinnar. Tillagan var samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.
- 2) Farið var yfir verkefni nefndarinnar og siðareglur sem allir kjörnir fulltrúar undirgangast og undirrita. Nefndarmönnum voru afhentar siðareglunar og koma þær til undirritunar á næsta fundi þegar fundarmenn hafa kynnt sér þær nánar. Skipulagsfulltrúi fór yfir verkefni



nefndarinnar, hlutverk hennar og ferla mála sem henni berast. Verið er að ljúka vinnu við erindisbréf nefndarinnar þar sem fram kemur nánari útlistun á verkefnum nefndarinnar. Verða þau lögð fram á næsta fundi.

- 3) Skipulagsmál á Blönduósi.
 - a. Í upphafi hvers kjörtímabils skal taka afstöðu til þess hvort endurskoða eigi aðalskipulag sveitarfélagsins. Samþykkt að fresta afgreiðslu þessa liðar til næsta fundar.
 - b. Rætt um deiliskipulag innan sveitarfélagsins.
 - i. Samþykkt var að taka til skoðunar deiliskipulag í gamla bænum.
 - ii. Samþykkt var að vinna deiliskipulagstillögu að iðnaðarsvæði þannig að fyrir hendi séu tilbúnar lóðir til úthlutunar.
 - iii. Samþykkt var að taka til endurskoðunar deiliskipulag af Tjaldsvæðinu í ljósi breyttra óska um uppbyggingu á svæðinu.
 - iv. Samþykkt að leita til ráðgjafa og fá fram hvaða kostnaður er við að vinna þau skipulög sem nefndin telur þörf á að vinna.
- 4) Erindi vegna ræktunarlanda.
 - a. Erindi Finnboga og Jóns Guðmundssonar vegna ræktaðs lands 86 þar sem þeir óska eftir skráningu hnita á umræddu leigulandi. Afgreiðslu þessa er frestað.
 - b. Rætt um önnur ræktað lönd. Ákveðið að taka saman tæmandi lista um stöðu hólfa og leigurétt.
- 5) Lagt fram erindi Sveins M. Sveinssonar vegna gömlu kirkjunnar þar sem sótt er um byggingarleyfi og breytta notkun úr kirkju í gistingu í flokki 2. Nefndin telur að breytingin sé innan ramma skipulags svæðisins og samþykkir breytta notkun.
- 6) Umferðarmál. Lögð var fram umsögn Kristjáns Þorbjörnssonar vegna endurskoðunar Blönduósbæjar á umferðarétti innan Blönduóss. Nefndin samþykkir að breyta umferðarétti Mýrarbrautar þannig að biðskylda verði á aðliggjandi götur, þ.e. Skúlabraut, Smárabraut, Sunnubraut og Þverbraut.
- 7) Þjónustuskilti.
 - a. Umsókn frá Blönduósbæ um leyfi til staðsetningar á skilti norðan Efstubrautar við þjóðveg 1 fyrir Íþróttamiðstöðina á Blönduósi. Nefndin samþykkir staðsetninguna með fyrirvara um að skilað verði inn fullnægjandi gögnum.
 - b. Umsókn frá Blönduósbæ um leyfi til staðsetningar á 4 upplýsingaskiltum um fuglalíf við Blöndu og á Blönduósi. Skiltin verða staðsett sitt hvoru megin við ós Blöndu, við Fuglaskoðunarhús og neðan Hnjúkabyggðar 33. Nefndin samþykkir staðsetninguna með fyrirvara um að skilað verði inn fullnægjandi gögnum.
- 8) Umhverfisverðlaun Blönduósbæjar 2014. Nefndin samþykkir að fara í vettvangskönnun og heimsóknir til undirbúnings verðlauna sem veitt verða á Húnavökuhátiðinni.
- 9) Önnur mál.
 - a. Skipulags- og byggingarfulltrúi fór yfir stöðu mála vegna lóðar að Hnjúkabyggð 34 og hvað hefur gerst frá síðasta fundi.

Fleira var ekki tekið og fundi slitið kl. 19.15

Valgarður Hilmarsson
Brynja Birgisdóttir



Blönduósbær

Jakob Jónsson
Guðmundur Sigurjónsson
Oddný María Gunnarsdóttir
Bjarni Þór Einarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi
Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri.
Ágúst Þór Bragason, yfirm. Tæknideildar